

39. fundur Hverfisnefndar Lunda- og Gerðahverfis haldinn þann 16. september 2009 kl. 20:30 í Lundarskóla.

Mættir

Ingvar Þóroddsson
Hermann Karlsson
Bryndís Elfa Valdemarsdóttir

Fyrsti fundur vetrarins þar sem tvö mál voru á dagskrá.

1.
Bryndís kynnti að hún hefði setið kynningarfund um „Nágrannavörslu „ sem haldinn var í Ráðhúsinu þann 27. ágúst 2009. Kynnti hún helstu atriði fundarins sem og að þann 15. október 2009 verður haldinn opinn íbúafundur fyrir Akureyringa í Brekkuskóla á vegum Akureyrarbæjar og Sjóvá um þetta verkefni.

2.
Boðun aðalfundar fyrir Hverfisnefnd Lunda- og Gerðahverfis 2009. Ákveðið að halda fundinn miðvikudaginn 30. september 2009 kl. 20:00 í Lundarskóla. Megininnihald fundarins verður Nágrannavarslan sem og stígamál í hverfinu. Stefnt á að fá fulltrúa frá Akureyrarbæ til að ræða um stígamálin sem og önnur skipulagsmál. Nefndarmenn skiptu með sér verkum varðandi undirbúning aðalfundarins.

Fundi lokið kl. 21:30.

Fundargerð ritaði,

Hermann Karlsson